

VS Íslenska 9.-10. bekkur 2021-2022

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

Lýsing

Íslenskulota fyrir samkennslu 9.-10.bekkjara 2021-2022

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Unnið verður með heildstæða íslenskukennslu - s.s. munnlega tjáningu, ritun, málfræði, lestur, sköpun og ljóðlist.

Námsmat

Símat - öllum verkefnum skilað gegnum Google Classroom.

VS Íslenska fyrir 9.-10. bekk 2021-2022

- **Samantekt**
- **Hæfni á námssviði**

VS Íslenska fyrir 9.-10. bekk 2021-2022 - Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útlarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum.

VS Íslenska fyrir 9.-10. bekk 2021-2022 - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta.
- Beitt nokkrum helstu grunnhugtökum í bókmenntafræði.
- Unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér
- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi.
- Lært og flutt valin ljóð
- Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju.
- Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika.

VS Íslenska fyrir 9.-10. bekk 2021-2022 - Ritun

- Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.
- Beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu.
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.

VS Íslenska fyrir 9.-10. bekk 2021-2022 - Málfræði

- Beitt helstu málfræðihugtökum af nokkru öryggi.
- Geti greint texta í orðflokka.
- Geti greint orð í orðhluta.
- Geti greint helstu setningarhluta.
- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál.
- Þekki einkenni helstu mállýska.
- Flett upp og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
- Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni.

VERKEFNI

- **Mínúturæður**

Nemendur draga ákveðið efni úr potti og tala um það efni, viðstöðulaust í 1 mínútu að lágmarki.

- **Mismunandi fjölmiðlar**

Nemendur velja sér ákveðið fréttafni - eitthvað sem er í umræðunni á hverju tímabili sem um ræðir. Nemendur skoða fréttafnið á nokkrum miðlum og bera saman hvernig fjallað er um efnið á hverjum miðli fyrir sig. Eins leggja nemendur mat á fjölbreytileika fréttáflutningsins eftir því hvaða miðil um ræðir.

NÁMSEFNI/GÖGN

 RUV

Ríkisútvarpið

(<http://www.ruv.is>)

 Vísir

Fréttamiðill

(<http://www.visir.is>)

 Morgunblaðið

Fréttamiðill

(<http://www.mbl.is>)

 DV

Fréttamiðill

(<http://www.dv.is>)

 Stundin

Fréttamiðill

(<http://www.stundin.is>)